

SKOGARVORÐURINN Á NORÐURLANDI

STARFSSKYRSLA FYRIR ÁRIÐ 1991.

Sigurður Skúlaason

1. VEDURFARARSINS.

1.1. Tiðarfarsyfirlit.

I janúar voru suðlægar vindáttir tíðastar. Þó var norðanátt nokkuð algeng. Þann 3. janúar gekk yfir mikið norðaustan veður með mikilli snjókomu og var snjórinn mjög blautur og þungur og urðu víða miklar skemmdir, raflinur sliguðust og var rafmagnslaust á Norðurlandi svo dögum skipti. Trjágróður fór víða mjög illa eins og síðar verður greint frá. Hámarkshiti í janúar mældist 9.6 stig þann 24. Lágmarkshiti var -13.3 stig, 20. jan. Meðalsnjódýpt var 75 cm., mest 102 cm. 11. janúar.

I febrúar voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 9.5 stig, 5. feb. Lágmarkshiti var -15.0 stig þann 24. feb. Meðalsnjódýpt var 15 cm., mest 18 cm. 20., 21. og 23. febrúar.

I mars skiptust á suðlægar og norðlægar áttir að mestu. Hámarkshiti var 10.1 stig, 25. mars. Lágmarkshiti mældist -11.3 stig þann 30. mars. Meðalsnjódýpt í mars var 57 cm., mest 93 cm., 21 mars.

I apríl voru norðlægar og suðlægar áttir mest ríkjandi svipað og í mars. Hámarkshiti var 10.6 stig, 27. apríl. Lágmarkshiti mældist -15.1 stig þann 4. apríl. Meðalsnjódýpt var 52 cm. í apríl, mest 72 cm., 9. apríl.

I maí voru sunnan og suðvestlægar áttin tíðastar. Hámarkshiti mældist 18.9 stig, 25. maí. Lágmarkshiti mældist -0.5 stig, 7. maí. Enginn snjór mældist í maí. Birki byrjað að bruma 14. maí og orðið háflaufgað 26. maí og allaufgað 28. maí. Lerki byrjað að bruma 10. maí, og með græna sliktu 16. maí og algrænt 27. maí. Tún byrjuð að grænka 15. maí og orðin algræn 23. maí. Úthagi byrjaður að gróa 25. maí.

I júní voru norðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti var 22.6 stig 30. júní. Lágmarkshiti mældist 3. júní, 3.2 stig. Frost mældist 8 sinnum við jörðu í júní, mest -5.5 stig, 3. júní. Gránaði í fjölli 26. júní. Frostskemdir urðu á plöntum 3. og 5. júní, mest á blágreni, ösp, fjallabín og einnig á lúpínu.

I júlí voru breytilegar áttir, þó var logn og vestlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 27.4 stig, 7. júlí, en það var mesti hiti sem mældist þetta sumar. Lágmarkshiti mældist 2.6 stig, 20. júlí. Frost við jörðu mældist einu sinni í júlí 0.2 stig, þann 20. júlí. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 1. júlí.

I ágúst var veðráttan lík og í júlí eða breytilegar áttir og logn. Hámarkshiti var 24.2 stig, 1. ágúst. Lágmarkshiti mældist 0.0 stig, 24. ágúst. Frost mældist 6 sinnum við jörðu í ágúst, mest -3.6 stig, 24. ágúst.

I september var vestanátt tíðust, þó voru vindáttir mjög breytilegar. Hámarkshiti var 20.2 stig, 5. sept. Lágmarkshiti mældist -6.7 stig, 27. sept. Frost mældist 7 sinnum við jörðu fram til 20. sept., mest -5.8 stig, 16. sept. Gránaði í fjölli 7. og 8. sept. Birki mikið farið að gulna 20. sept.

Í október voru suðlægar og norðlægar áttir tíðastar, þó voru vindáttir breytilegar. Hámarkshiti mældist 12.6 stig, 28. okt. Lágmarkshiti mældist -10.2 stig, 18. okt. Snjör mældist mest 17 cm., 17. okt. Meðalsnjódýpt mældist 15 cm. í mánuðinum. Birki talið lauflost 4. okt. Lerki orðið algult 3. okt. Aðfaranótt 3. okt. gekk yfir mikið hvassviðri og fuku þá 3 dúkgróðurhús á Vögllum og eru þau að öllum líkindum ónýt.

Í nóvember voru norðlægar áttir tíðastar, þó var nokkuð um suðlægar áttir. Hámarkshiti 6.0 stig, 2. nóv. Lágmarkshiti mældist -15.1 stig, 17. nóv. Meðalsnjódýpt var 39 cm. í nóv., mest 44 cm. dagana 14., 16. og 18. nóv.

Í desember voru suðlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 9.2 stig, 28. des. Lágmarkshiti mældist -19.7 stig, 22 des., sem var mesta frost sem mældist á árinu. Meðalsnjódýpt var 33 cm., mest 35 cm. 1. des.

1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1989.

	Meðalhiti C		Úrkoma mm.	
Janúar	-0.03	(-2.14)	164.6	(195.4)
Febrúar	-1.40	(-3.91)	19.2	(277.4)
Mars	0.38	(-4.61)	139.7	(45.6)
Apríl	-1.19	(-1.92)	65.5	(27.1)
Mai	7.54	(5.86)	38.7	(16.3)
Júní	8.04	(9.22)	19.5	(26.7)
Júlí	12.70	(11.65)	42.6	(13.7)
Agúst	10.20	(9.61)	17.7	(53.3)
September	5.06	(4.58)	65.6	(63.8)
Október	3.01	(1.86)	143.8	(112.2)
Nóvember	-2.60	(-0.03)	158.4	(62.9)
Desember	-1.25	(-2.28)	15.6	(55.3)
Árið	3.40	(2.32)	890.9	(949.7)

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1990.

1.2.1. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní - september var 9.0 stig en var 8.77 stig sömu mánuði 1990.

1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

13.5.	-1.5	12.8.	-0.8
14.5.	-0.5	16.8.	-0.7
21.5.	-1.8	20.8.	-0.2
22.5.	-1.1	21.8.	-0.6
2.6.	-4.6	24.8.	-3.6
3.6.	-5.5	29.8.	-0.2
4.6.	-3.3	5.9.	-3.1
6.6.	-0.2	10.9.	-2.1
9.6.	-0.7	11.9.	-3.7
10.6.	-0.7	15.9.	-1.0
12.6.	-1.0	16.9.	-5.8
18.6.	-0.2	17.9.	-1.5
20.7.	-0.2	20.9.	-4.3

1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20 stig.

18.6.	20.1	6.7.	23.0
29.6.	20.1	7.7.	20.5
30.6.	22.6	8.7.	24.4
1.7.	21.5	31.7.	22.1
2.7.	24.2	1.8.	24.2
4.7.	24.3	2.8.	22.0
5.7.	25.6	3.8.	21.8

2. VÖXTUR OG ÞRÍF TRJÁGRÓÐURS.

2.1 Laufgun og lauffall.

Birki byrjaði að bruma 14. maí og allaufgað 28. maí. Lerki farið að bruma 10. maí og algrænt 27. maí. Birki farið að gulna í. sept. og laufflaust 4. okt. Lerki algult 3. okt.

2.2 Vöxtur.

Vöxtur á trjágróðri tel ég hafa verið í góðu meðallagi og víða mjög góður.

2.3 Fræfall.

Fræ á birki var misjafnt. Lítilsháttar var safnað í Vaglaskógi og Þórðarsetaþaskógi, auk þess sem skólar á Norðurlandi söfnuðu birkiþræl.

2.4 Skaðar.

Mikið norðaustan veður gekk yfir Norðurland 3. janúar og urðu miklir skaðar á trjágróðri. Mikið var um brot á birkiskógi, í Vaglaskógi brotnaði mikið af birki í neðri hluta skógarins. Stafafura bognaði og brotnaði víða, svo og greni. Mestu skaðar urðu í brekkum sem snéru í suðvestur og laturlandi nærri að sume staðar hafi sligast um helmingur birkitrjáa. Skaðar urðu einnig í Sigríðarstaðaskógi, Þórðarstaðaskógi og Melaskógi, þó minna en í Vaglaskógi. Í Grundarreit fuku um nokkrar gamlar fjallafurur og voru þær fjarlægðar. Nokkuð bar á því að grasmaðurkum nagaði sundur ársprotann á ungu lérki, einnig sást hann á stafafuru og fleiri tegundum. Ekki er ljóst hve mikill skaði hefur orðið af þessu. Í ágústmánuði fréttist, að líklega hefði fundist sitkalús á greni á Húsvík og var sá grunur staðfestur af Guðmundi Halldórssyni. Er þetta í fyrsta sinni sem hún finnst á Norðurlandi. Frostskaðar urðu á plöntum í júní, mest á blágreni, fjallapin og ósp. Mikið hvassviðri gekk yfir 3. okt. og fuku þá 3 dúkhús, eins og fyrr er greint frá. Á vordögum kom í ljós migla í 2ja ára stafafuruplöntum undir vetrardúk á Vögllum. Fyrst var ekki vitað hvað mikill skaði þetta var, en að lokum kom í ljós að um 80-90% var dauft.

3. STARFSFÓLK.

Starfsfólk var svipað og undanfarin ár. Ráðskona á Vögllum var Janette Sue Old, en hún er frá Nýja Sjálandi en búsett á Grenivík. Verkstjóri á Vögllum er Guðni Þ. Arnþórsson og í Skagafirði Marta Svavarsdóttir.

Við gróðursetningu á Gilá í Vatnsdal voru fengnar konur úr sveitinni og var Vigdís Ágústsdóttir, Hofi, flokkstjóri við það verk. Annað starfsfólk var að mestu það sama og síðustu ár.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 16.000.376.-, sem skiptust þannig: BSRB 1.588.178.-. Dagpeningar kr. 102.856.-. Akstur kr. 114.156.-. Aðf laun kr. 14.195.186.-.

4. GIRÐINGAR.

4.1 Viðhald.

Viðhald girðinga var svipað og síðasta ár. Margar girðingar eru orðnar gamlar og þarf að fara að endurnýja þær.

Endurnýjuð var og endurgirt að verulegu leiti vesturgafi á Sigríðarstaðagirðingu og sagaður skógur frá girðingu. Þá var bætt í nýjum staurum í Vaglagirðingu og Skuggabjargargirðingu, í svokallaðri Fögruhlið.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 327.027.-, samtals 705 vinnustundir. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 143.516.-, samtals 293 vinnustundir, þar af mest v/Þórðarstaðagirðingar kr. 122.311.-, 232 vinnustundir.

Í Þórðarstaðagirðingu fóru 100 staurar.

Í Skuggabjargargirðingu fóru 50 staurar.

Í Vagla- og Hálsgirðingu fóru 272 tréstaugar og 11 járnstaugar.

Í Sigríðarstaðagirðingu fóru 165 tréstaugar, 20 járnstaugar, 300 m. virnet og 1 rúlla gaddavir.

Í Vauli á Belamörk fóru 10 tréstaugar.

Í Sandhaugagirðingu fóru 2 tréstaugar og 8 járnstaugar.

4.2 Nýgirðingar.

Ein nýgirðing var girt á árinu. Það er girðing um Lundsekóg í Fnjóskadal, sem er girt í framhaldi af Þórðarstaðagirðingu í norður. Þetta er u.þ.b. 4.2 km. löng girðing og er þetta fyrsta rafgirðing á okkar svæði. Lundsekógur er þá friðaður skv. samningi við landeiganda, sem gerður var 1989.

Laun og launatengd gjöld við Lundsegirðingu var kr. 251.895.-, 503 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 384.298.-.

5. SKÓGARHÖGG.

5.1 Viður.

Skógarhögg fór að mestu leiti fram í Vaglaskógi. Grisjaður var birkiskógur, sem brotnaði í janúarveðrinu. Mjög mikil brot voru nefðartil í skóginum og þá helst í brekkum, sem snúa í suðvestur. Tel ég láta nærri að um 50% af birkitrjám hafi eligast þar sem verst fór.

Þá var svolítið grisjað í Sigriðastaðaskógi, en þar var töluvert um enjóskaða á birki.

Felldur viðurn:

Birki ca.	160.0 tonn
Lerki ca.	1.5 tonn
Fura ca.	1.0 tonn

5.1.1 Sala girðingarstaura.

Engir girðingarstaurar voru seldir á árinu 1991.

5.1.2 Viðarsala.

Arinviður	3.545	pk.
Smiðaviður	67.6	m.
Reykjavíður	75.483	kg.
Birkikurl/Flis	2.691	kg.
Plattar	3.841	stk.

5.1.3 Birgðir í árslok.

Arinviður unnið	888	pk.
Arinviður óunnið	ca. 8.000	kg.
Birkikurl/Flis	1.625	kg.
Plattar	1.831	stk.
Staurar 5 fet	450	stk.
Staurar 6 fet	420	stk.

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 3.576. Laun og launatengd gjöld kr. 1.742.660.-.

5.2 Jólatré.

Jólatré voru felld frá 19. nóv. og fram að jólum. Tíðarfar var mjög gott og gekk höggið mjög vel. Alls voru felld 1.567 jólatré á eftirtöldum stöðum:

	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Blágr.</u>	<u>Samtals</u>
Asbyrgi	29			4	33
Felliskógur	1.010		184	63	1.257
Reykjarhöll	28	96		31	155
Sigriðarst.sk.	10	1			11
Vaglaskógur	10	41			51
Pórðarst.sk.	4	56			60
Alls	1.091	194	184	98	1.567

Keyptir voru 30 Norðmannspínir og fóru þeir allir í sölu á Húsavík. Af felldum og aðkeyptum jólatrjám, seldust 1.522 tré. Önnur fóru til starfsmanna og í frákast.

Seld tré:

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgr.</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Blágr.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Norðm.p.</u>	<u>Samtals</u>
070-100	119	21	13	22		175
101-125	291	49	30	60	10	440
126-150	346	70	32	50	20	518
151-175	201	35	14	31		281
176-200	50	6	3	4		63
201-250	24	2	1	1		28
251-300	8					8
301-400	6					6
401-500	3					3
Alls	1.048	183	93	168	30	1.522

Trjám var dreift frá Blönduósi að Þórshöfn, en aðeins selt í smásölu á Vöglum og Laugabrekku.

Laun og launatengd gjöld v/töku, flokkunar og afhendingar jólatrjáa og greina voru kr. 572.039.-, 1.096 vinnustundir. Annar kostnaður 117.718.-. Alls kr. 689.757.-.

Tekiur skiptust þannig:

	<u>Sala</u>	<u>Aðkeypt</u>	<u>Mismunur</u>
Jólatré	1.710.695	53.730	1.656.965
Innfl. og ísl. greinar	122.244	88.020	34.244
Alls	1.832.939	141.750	1.691.209

6. GRÓÐRARSTOÐ.

6.1 Fræplöntur.

Fræsáning fór fram í júní.

Sáð var bergfuru, blágreini, fjallabín, hvítgreini og sitkagreni í FP35 (alls 875 bakka). Birki, rússalerki og stafafuru í FP40 (alls 5198 bakka) og birki í FP60 (alls 100 bakka). Spírun á fjallabín var mjög léleg.

6.2 Dreifsetning.

Dreifsetning fór að mestu fram í seinnihluta júní og byrjun júlí. Dreifsettar voru 43.080 plöntur í beð, vafðar í móbönd 14.256 plöntur, stungið var 3.357 græðlingum í FP35 og 44.082 í beð.

6.3 Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 3.840.762 og afh. styrkir fyrir kr. 229.254. Garðplöntur í eigin skóglendi kr. 44.210. Stungið var 6.129 sumargræðlingum og pottaðar 9.279 plöntur. Seldar og afhentar voru 34.974 garðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 74.435 plöntur 1992.

6.4 Afhendings skósplantna.

Afhentar voru 259.885 plöntur úr gróðranstöðvunum.

Seldar skósplöntur	Kr. 2.162.832
Millif. og styrkir	" 3.483.980
Afh. skóspl. í eigin skógl.	" 1.929.026
Állt	Kr. 7.575.838

6.5 Illgresiseyðing.

Illgresiseyðing var með svipuðum hætti og síðasta ár. Sprautað var með Roundup þar sem það hentaði en annað handreitt eftir þörfum.

6.6 Nýfrankvæmdir.

Reist var eitt nýtt limtrésgróðurhús, sem keypt var 1990. Lögð var ný vatnsleiðsla, sverari en sú gamla, og hún grafin í jörð og mun það vera til mikilla þæginda enemma vors og á haustin, vegna frosthættu.

6.8 Kostnaður.

Laugabrekka

	Kr.	Vinnustundir
Plöntuuppeldi almennt	652.872	1.248
" skógplöntur	305.363	675
" fjölpottar	107.027	194
" garðplöntur	<u>422.887</u>	<u>884</u>
Alle	1.486.149	3.001

Vaglin

Plöntuuppeldi almennt	24.388	48
Verktjórn	851.580	1.405
Fridagavaktir	73.740	158
Ræktunarbúnaður	282.240	561
Umhirða	10.110	25
Jarðarbætur	73.650	145
Vegir	17.233	34
Vetrarumb. almennt	39.286	80
Skógplöntur almennt	82.747	213
Dreifsetn. berrót	121.789	302
Móbandsplöntur	83.836	199
Uppt. meðf. afgr. skógpl.	348.210	779
Vetrarumb. skógplantna	34.010	71
Fjölpottar almennt	67.196	152
Hreinsun bakka	7.701	18
Fjölp. moldarfilling	151.378	405
" sáning	311.238	762
" grisjun	191.810	259
" umhirða	40.970	104
" afhending	100.798	210
" vetrarumbúnaður	98.590	210
Garðplöntur almennt	23.496	43
Stiklingar útiræktun	93.033	227
" inniræktun	78.747	164
Garðplöntur beðplöntur	181.633	398
" pottaplöntur	959.376	2.122
Hnauspl. í gróðrarstöð	69.885	156
Sala garðplantna	172.147	307
Vetrarumb. garðpl.	<u>35.554</u>	<u>68</u>
Alle	4.536.281	9.625

Samt. Laugabr. og Vaglin 6.024.430 12.626

7. GRÓÐURSETNING.

Tafla yfir tesundir, kvæmi og plöntufjölda

	<u>Tesundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Nr.</u>	<u>Fjöldi</u>
Reykjarhöll	Alaskaösp				240
	Alaskaviðir br.				290
	Reyniviður hnaus				2
	Birki	1/2	Hrafnsgerði	842151	635
	Bergfura	1/4	H.Confl.	C-055	310
	Blágreni	1/3	Rio Grande	862182	105
	Rauðgreni	2/3	Drevja	C-125	30
	Stafafura	2/2	T. Lake	870005	<u>307</u>
					<u>1.919</u>
Reykjarhöll v/heitt vatn	Stafafura	2/2	T. Lake	870005	<u>500</u>
Hálmelar	Birki	3/0	Viðivellir		<u>1.715</u>
Hálmelar v/leiga	Alaskaösp hnaus				27
	Viðja				100
	Rússalerki	1/1	Imatra	862190	<u>1.000</u>
					<u>1.127</u>
Gilá Vatnedal	Birki	2/0	Stórhöfði	890019	<u>10.000</u>
Vaglaskógur	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	2.675
	Rússalerki	2/0	Sönsterud	890016	<u>500</u>
					<u>3.175</u>
Skuggabjörg	Stafafura	3/0	Taraldsbý	870012	9.856
	Stafafura	2/2	L.Laberge	862178	12.571
	Stafafura	2/2	L.Laberge	870005	<u>19.283</u>
					<u>41.710</u>
Þórðarst.ek.	Rauðgreni	2/3	Drevja	C-125	2.480
	Rauðgreni	2/3	Drevja	C-125	<u>3.660</u>
					<u>6.140</u>
Sigríðarst.ek.	Rauðgreni	2/2	Rana	832127	<u>2.550</u>
				<u>Alla</u>	<u>68.834</u>

Gróðursetning fór fram í júní og í byrjun júlí og síðan í endaðan ágúst.

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 457.926.-, vinnustundir 1043.

8. HIRÐING PLANINA.

Unnið var við umhirðu og grisjun í Grundarreit, Vaglaskógi, Felleaskógi, Kristnesi og Reykjarhöli.

<u>Grundarreitur</u>	28 timar,	kr. 12.647
<u>Vaglaskógur</u>	260 timar,	kr. 105.622
<u>Felleaskógur</u>	59 timar,	kr. 31.627
<u>Kristnes</u>	37 timar,	kr. 16.807
<u>Reykjarhöll</u>	212 timar,	kr. 96.824

9. BYGGINGAR.

Viðhald húsa var í lágmarki þetta ár. Máluð var borðstofa og setustofa í starfsmannahúsinu á Furuvöllum og steyptur var nýr skorsteinn á íbúðarhús að Vöglum I. Sett var hurð fyrir geymslunús á Vöglum I. Endurnýjuð var rotbró við Furuvallahús og skemmu og hún færð neðar og plan við skemmu stækkað, svo að nú er nýmra athafnarsvæði þar. Lögð var varanleg vatnsleiðsla í gróðurhús eins og fyrr var sagt frá. Lagað var til við vatnsból og byggt var yfir það.

10. VÉLAR OG VERKFERI.

Viðhald véla var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Aðeins var gert við það sem nauðsynlega þurfti, en það er sitt lítið af hverju, vegna þess að vélarnar eru flestar komnar til ára sinna. Keyptar voru 2 nýjar keðjusagir og bætti það úr brýnni þörf vegna mikillar grisjunar á birkiskógi. Klædd var innan skúffa á Toyota bifreið og smíðaður á hana vörukassi með hillum til plöntuflutninga. Mjög mikil þörf er á að endurnýja Lapplander bifreið, en hún er orðin mjög preytt. Nauðsynlegt er að gera við motor í vörubifreið, ef nota á hana áfram til langflutninga á plöntum.

11. NYTJASKOGAR Á BÚJÖRDUM.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr.	Eiðldi
Skagafjörður:					
Egilsá	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	4.500
Silfrastaðir	Rússalerki	3/0	Imatra	862192	1.140
	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	2.380
	Rússalerki	2/0	Sönsterud	890016	980
					<u>4.500</u>
S-Ping.					
Svøra Fjall	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	2.900
	Rússalerki	1/1	Lassinmaa	870017	1.500
	Stafafura	2/0	Taraldsøy	870012	2.000
					<u>6.400</u>
Narfastaðir	Alaskaösp	1/0			525
	Rússalerki	1/1	Lassinmaa	870017	1.400
	Stafafura	2/0	Taraldsøy	890001	2.900
	Stafafura	2/3	T. Lake	C-147	5.000
					<u>9.825</u>
Lindarhlið	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	2.200
	Rússalerki	1/1	Lassinmaa	870017	2.200
	Stafafura	2/0	Taraldsøy	870012	2.000
					<u>6.400</u>
Laugafell	Stafafura	2/0	Taraldsøy	870012	1.000
Jódisarstaðir	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	3.200
	Rússalerki	1/1	Imatra	862190	3.200
					<u>6.400</u>
Hrafnstaðir	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	3.200
	Rússalerki	1/1	Lassinmaa	870017	3.200
					<u>6.400</u>
Breiðamýri	Rússalerki	2/0	Imatra	890028	3.500
	Rússalerki	1/1	Lassinmaa	870017	3.500
					<u>7.000</u>

Állt 52.425

Bændur fengu plöntur endurgjaldslaust en sáu sjálfir um gróðursetningu. Styrkt var ein girðing í S-Ping. á Svøra Fjalli. Framkvæmdir við nytjaskóga í Eyjafirði var í höndum Skf. Fyfirðinga eins og undanfarin ár. Gróðursættar voru 172.765 plöntur fyrir fé af fjárveitingu auk plantna sem bændur keyptu sjálfir alls 182.635 plöntur. Umsjón og verkstjórn í Eyjafirði annaðist Brynjar Skarphéðinsson.

12. Y M I S L E G T.

12.1. Ferðalög og fundarböld

16/1-18/1 Fór á fund í Skálholti ásamt Margræti Guðmundsdóttur um tölvu- og bókhaldsmál.

22/2 Fór á samráðsfund um gróðurvernd og umhverfismál á Hótel KEA á vegum Fjórðungssambands Norðurlands og umhverfisráðuneytis.

5/3-7/3 Fór ásamt starfsmönnum S.R. Norðurlandi í skoðunarferð á Hallormestað, Aðalskrifstofu og Fljótsdalshérað.

7/3-10/3 Fór suður til Reykjavíkur, sat fulltrúafund Skf. Íslands um landgræðsluskóga og sinnti ýmsum öðrum erindum.

12/3-13/3 Fór ásamt Jóni Loftssyni og Arnóri Snorrasyni á fund í Nytjaskóganefnd í Eyjafirði. Fór síðan með Jóni í Skagafjörð. Höfðum fund með atvinnumálanefnd í Seyluhrepp og síðan fórum við á fund með bændum á Hólum í Hjaltadal. Fórum síðan daginn eftir um Skagafjörð og skoðuðum m.a. skóginn hjá Öskari Magnússyni á Brekku.

9/4-11/4 Sat starfsmannafund S.R. á Egilsstöðum.

4/6-5/6 Ferð um Húnavatnssýslur. Kom m.a. við á Bjargshól í Miðfirði, Hvammstanga, Gilá í Vatnsdal og fleiri stöðum.

25/6 Fór í Skagafjörð og Hofsóss og leiðbeindi þar um skógrækt.

5/7 Fór austur á Egilsstaði og Hallormestað. Fundur með skógræktarstjóra um fjármál.

5/8-6/8 Fundur með Landbúnaðarnefnd alþingis í Hrafnagilsskóla og síðan ferðalag um Eyjafjörð og S-Pingeyjarsýslu með nefndinni. Fór með Jóni Loftssyni skotferð í Ásbyrgi og töluðum við ábúanda þar, Sigurgeir Ísaksson.

8/8 Fór um Eyjafjörð með Guðmundi Halldórssyni til að skoða skaða á ungum lerkíplöntum vegna grasmaðks.

14/8 Fór með Þórarni Benediktz um Eyjafjörð og Akureyri.

15/8 Fór með Þórarni í Fossselsskóg, Fellskóg og um Fnjóskadal vegna úttekta á tilraunum með elri.

21/8-22/8 Fór á aðalfund Skf. N-Ping., sem haldinn var á Raufarhöfn.

25/8 Sat aðalfund Skf. S-Ping., sem haldinn var á Furuvöllum í Vaglaskógi.

27/8 Fór ásamt Sigurpáli Jónssyni að Höfða í Mývatnssveit til að líta þar á verkefni.

26/8 Fór með Guðmundi Halldórssyni til að athuga græsmaðksskemmdir á lerkki á Vöglum á Pelamörk og síðan fórum við til Húsavíkur til að skoða þar grenitré, sem grunur var á að sitkalús væri í. Sá grunur var staðfestur.

30/8 Fór austur á Hallormestað og sótti þangað plöntur.

5/9 Fór austur í Egilsstaði og síðan áfram á Höfn í Hornafirði á aðalfund Skf. Íslands.

6/9-9/9 Sat aðalfund Skf. Íslands á Höfn í Hornafirði.

13/9 Fór í Skagafjörð og um A-Húnavatnssýslu með Snorra Sigurðssyni. Kom við hjá Snorra Ingimarssyni í Ásgarði í Blönduhlíð, Reykjarhól og Gunnfriðarstöðum í Langadal.

15/9-17/9 Fór á námsskeið í jólatrésræktun, sem haldið var í Skornadal.

8/10 Fór í Varmahlíð Skagafirði til að undirbúa stofnun nytjaskóganefndar í Skagafirði.

16/10 Fór í Skagafjörð á fyrsta fundi í nytjaskóganefnd þar.

23/10-24/10 Fór austur á Hallormestað til að sækja plöntur o.fl.

3/11-5/11 Starfsmannafundur á Mógilsá.

6/11 Fundur um gróðrarstöðvamáli á Mógilsá.

7/11 Fundur á vegum Landbúnaðarráðuneytisins um landgræðslumál í Borgartúni 6.

23/11 Fór á fundi í Ljósveitningabúð í Köldukinn, um friðun Kinnarfells.

30/11 Fór á fundi á Akureyri með Landbúnaðarráðherra og fleirum vegna nytjaskóga og skógræktarmála í Eyjafirði.

Auk þess sem að framan er talið, sat ég alla fundi í nytjaskóganefndum í Eyjafirði og S-Pingeyjarsýslu.

12.2. Ferðafólk

Ferðafólk var litillega færra en 1990 skv. skráðum gistinguþöttum í Vaglaskógi.

Tekið skal fram að haldið var skátamót í skóginum um verslunarmannahelgina og eru því skráðar gistinguþöttur ekki nákvæmar. Mjög góð umgengni var í Vaglaskógi þetta sumar og var mjög litið um ólæti. Reist voru 3 ný snyrtihús þetta sumar með samtals 8 salernum og vöskum og var því framtaki tekið mjög vel af gestum, sem sögðu með réttu, að tími hefði verið kominn til að lagfæra aðstöðuna. Unnið var svolítið að gangstigagerð og grísjaðir voru gamlir skógarvegir í nágrenni útivistarsvæðis sem ætlast er til að gestir geti notfært sér til skoðunarferða um skóginn. Um verslunarmannahelgina var sem fyrr segir skátamót á aðaltjaldsvæðinu, en syðst í skóginum við hjólhýsastaðið var opið fjölskyldutjaldsvæði sem voru mjög vinsæl. Þessa helgi tóku skátar að sér vörslu í skóginum að mestu leyti og tókst hún með ágætum. Aukist hefur að ferðafólk komi í skóginn í Reykjarhól í Vermahlið og brýnt er að útbúa þar einhverja aðstöðu, svo sem lagfæringu göngustiga og aðstöðu fyrir fólk til að tilla sér niður og borða nestið sitt. Nokkuð hefur aukist að fólk sækir í að tjalda í Þórðarsteðalandi gegnt Illugastöðum og verður flótlega að koma þar á einhverri skipulagningu.

Skráðar gistinguþöttur voru 11.792, sem skiptust þannig eftir máni:
í júní 2.398, í júlí 5.125 og ágúst 4.269.

Tekjur af útivistarsvæði kr. 1.682.450. Laun og launatengd gjöld kr. 582.766.-, 1.066 vinnustundir. Eignakaup kr. 916.642 og annar kostnaður 593.251.-.

12.4. Annað

Starfsmenn á Vöglum fóru í skoðunarferð austur á Hallormsstað og Fljótisdalshérað þar sem skoðaðir voru skógar o.fl. sem tengist skógrækt. Tókst þessi ferð mjög vel.

Starfsmenn Héraðsskóga á Fljótisdalshéraði komu í skoðunarferð á Norðurland dagana 26/2 - 1/3.

Eg tel mjög æskilegt að starfsmenn heimsæki aðrar deildir og sjái það sem aðrir eru að gera og skoði sig um.

Keypt var ný tölva af gerðinni UNIRON, sem er stærri og fullkomnari en sú sem fyrir var. Einnig var keyptur straumjafnari því komið hefur í ljós að rafmagn er það óstöðugt og ójafnt að skemmdir hafa komið fram í tölvubúnaði.

Eins og getið var um í síðustu árskýrslu, er mjög brýnt að ráða umcæmisfulltrúa á Norðurland, vegna mikilla verkefna m.a. í nytjaskógrækt á Norðurlandi. Eg vil svo að lokum þakka öllu samstarfsfólki mínu á landinu fyrir gott samstarf.

Vöglum, 31.3.1992